

Tillaga að breytingu á 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar.

Var svona:

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Verður svona:

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi. **Borgarfulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi borgarstjórnar með rafrænum hætti, með samþykki forsætisnefndar. Þá skulu borgarfulltrúar vera staddir í Reykjavík eða í erindagjörðum innanlands á vegum Reykjavíkurborgar. Þegar borgarfulltrúi tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal tryggja möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 16. gr., og öryggi samskipta milli fundarmanna. Að öðru leyti skal fylgja leiðbeiningum ráðherra um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna og reglum Reykjavíkurborgar um fjarfundi.**

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Tillaga að breytingu á 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar.

Var svona:

44. gr.

Stjórnun borgarráðs.

Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs. Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til borgarráðs eftir því sem við á.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Verður svona:

44. gr.

Stjórnun borgarráðs.

Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs. Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. **Borgarráðsfulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti með samþykki formanns borgarráðs.** Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til borgarráðs eftir því sem við á.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

Tillaga að breytingu á 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar.

Var svona:

54. gr.

Skylt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögsmæt forföll hamli. Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku á þeim fundi.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

Verður svona:

54. gr.

Skylt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögsmæt forföll hamli. **Nefndarmönnum er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti með samþykki formanns nefndarinnar.**

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku á þeim fundi.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.